

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur  
2018

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2-4
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5-6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018 .....	7
Efnahagsreikningur 31. desember 2018 .....	8
Sjóðstreymi ársins 2018 .....	9
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2018 .....	10
Skýringar .....	11-26
Kennitölur .....	27
Deildaskipt yfirlit tryggingafræðilegrar stöðu .....	28-29

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Starfsemi sjóðsins

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, en Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júní 1999 annast rekstur sjóðsins.

## Sjóðfélagar og iðgjöld

Sjóðfélagar, þ.e. einstaklingar sem eiga réttindi í sjóðnum óháð því hvort þeir hafa greitt iðgjald á árinu eða þegið lífeyri, voru 16.397 í árslok 2018, samanborið við 16.577 í upphafi árs. Alls greiddu 343 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins á árinu 2018 (2017: 392).

Iðgjöld námu 277 m.kr. á árinu 2018 (2017: 297 m.kr.). Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri var 2.383 m.kr. á árinu 2018 (2017: 2.137 m.kr.). Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu námu samtals 2.780 m.kr. en voru á árinu á undan 2.566 m.kr. sem er 8,3% hækkun á milli ára.

## Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Á árinu 2018 fengu að meðaltali 3.254 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum (2017: 3.151).

Greiddur lífeyrir nam 4.988 m.kr. á árinu 2018 (2017: 4.446 m.kr.)

## Fjárfestingatekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingatekjur námu 4.561 m.kr. á árinu 2018 (2017: 4.671 m.kr.). Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, nam 200 m.kr. (2017: 190 m.kr.), sem jafngildir 0,3% af meðalstöðu eigna (2017: 0,3%).

## Heildareignir og hrein eign til greiðslu lífeyris

Í árslok 2018 námu fjárfestingaeignir sjóðsins 78.537 m.kr. (2017: 76.454 m.kr.). Heildareignir sjóðsins námu 79.157 m.kr. í árslok 2018 (2017: 77.204 m.kr.). Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 78.815 m.kr. í árslok 2018 (2017: 76.662 m.kr.)

## Ávöxtun

Nafnávöxtun á árinu 2018 var 5,8% (2017: 6,1%), sem samsvarar 2,4% raunávöxtun (2017: 4,3%). Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára var 3,7% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára var 3,5%.

Vísitala neysluverðs hækkaði úr 446,0 í 460,5 eða um 3,3% á árinu 2018.

## Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt sem miðar við árslok 2018 sýnir að heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 34.571 m.kr. (2017: 32.547 m.kr.) sé ekki horft til hlutdeildar launagreiðenda í greiddum lífeyri. Lífeyrissjóðurinn er með bakábyrgð Reykjavíkurborgar og er hann því undanþeginn ákvæði laga 129/1997 um tryggingafræðilegt jafnvægi. Við úttektina er miðað við að raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% á komandi árum. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins er að finna í sérstöku yfirliti og í skýringu 34.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir óhagstæðir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu sjóðsins.

## Þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Lífeyrissjóðurinn hefur verið starfandi frá árinu 1930 og aðeins þeir starfsmenn sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg eða stofnunum hans fengu aðild að sjóðnum. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998 og þeir einir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins í júní 1998 fengu áfram aðild að sjóðnum.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins greiðir borgarsjóður og aðrir launagreiðendur tiltekinn hundraðshluta lífeyris samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall var 70% á árinu 2018 og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 30% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildareignir sjóðsins í jafnvægi við heildarskuldbindingar.

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

### Stjórnarhættir og áhættustýring

Stjórn og stjórnendur lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur í samræmi við 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótnun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins á árinu 2015.

Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum en vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa. Þá innifelur stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins hvorki greiningu á umhverfisþáttum og félagslegum þáttum. Þá er hvatt til þess að stjórn skipi starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, um laun og önnur starfskjör. Þar sem enginn starfsmaður starfar hjá sjóðnum þá á það ekki við en sjóðurinn er í rekstrarumsjón Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktu sjóðsins. Stjórn skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn en skv. ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum eins og lífeyrissjóðir starfrækja endurskoðunarnefnd. Frekari upplýsingar um stjórn, einstaka stjórnarmenn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar sem er birt á heimasíðu sjóðsins.

Áhættustefna sjóðsins var yfirfarin á árinu 2018 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn þann 30. maí 2018. Tilgangur með áhættustefnu er að auka öryggi í rekstri sjóðsins þannig að áhætta er metin fyrir ákvörðunartöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Stefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í leiðum til að greina, fylgjast með og takmarka áhættu í rekstri sjóðsins.

Áhætta í starfsemi er skilgreind til samræmis við skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins (FME). Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins í skýringum 38-43.

### Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Lífeyrissjóðir teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Með breytingum á þeim lögum, sem tóku gildi í júní 2016, bættist m.a. ný grein við lög um ársreikninga, sem varðar ófjárhagslega upplýsingagjöf í reikningskilum félaga sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum.

Í yfirliti með skýrslu stjórnar skulu, skv. 66. gr. d liðar í lögum um ársreikninga sem tóku gildi í júní 2016, fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis- félags- og starfsmannamál. Þá skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Ef félagið hefur ekki stefnu samkvæmt ákvæðinu skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Hlutverk lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

### Siðareglur

Í siðareglum sjóðsins er að finna aðgerðir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra stjórnar- og starfsmanna við sjóðinn og sporna við spillingar- og mútumálum. Gjafir eru ekki þegnar né greiðsla annarra á kostnaði vegna stjórnar- og starfsmanna, ef það gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir.

Hlutverk starfsmanna er að annast rekstur sjóðsins, þjónusta og eiga samskipti við sjóðfélaga, launagreiðendur, eftirlitsaðila, fjármálastofnanir og aðra hagaðila. Innleiðing á nýjum upplýsingakerfum á síðustu misserum hefur leitt til betra, skilvirkara og áreiðanlegra upplýsingarflæðis til hagaðila sem eflir trúverðugleika sjóðsins.

### Ábyrgar fjárfestingar

Brú lífeyrissjóður sem annast rekstur sjóðsins er meðal stofnaðila að Iceland SIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrga fjárfestinga og stuðla að aukinni umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Á árinu 2018 samþykkti stjórn hluthafastefnu og stefnu um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Á heimasíðu sjóðsins má finna upplýsingar um framkvæmd hluthafastefnunnar. Við mat á fjárfestingakostum er horft til samfélags- og umhverfismála og góðra stjórnarháttanna.

### Peningaþvætti

Sjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og leiðbeinandi tilmæla FME nr. 3/2011 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með reglunum leitast sjóðurinn við að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi sjóðsins verði notaður til að þvætta fjármuni eða til fjármögnunar hryðjuverka. Árlega skilar ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skýrslu til stjórnar sjóðsins.

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

### Mannauðsmál

Brú lífeyrissjóður annast rekstur sjóðsins í samræmi við rekstrasamning á milli sjóðanna. Brú lífeyrissjóður leggur ríka áherslu á góðan starfsanda, góð samskipti, hvetjandi vinnuumhverfi og fyrirmyndar starfsaðstöðu. Áhersla á heilsuefningu er skýr en sjóðurinn styrkir starfsfólk til heilsuræktar, tekur þátt í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins auk þess sem að árlega er boðið upp á heilsufarsmælingu og flensusprautu.

Hjá Brú Lífeyrissjóði er hafin vinna við þróun jafnlaunakerfis sem liggur til grundvallar jafnlaunavottunar en stefnt er að vottun á árinu 2019. Innleiðing jafnlaunakerfis er liður í því að tryggja gæði í starfsemi sjóðsins, efla starfsánægju og hollustu starfsfólks, uppfylla samfélagslega ábyrgð og stuðla áfram að góðum stjórnarháttum.


Unnið er að gerð stefnu um umhverfismál í daglegri starfsemi sjóðsins. Sjóðurinn hefur verið í fararbroddi hvað varðar rafræna umsýslu sem dregur úr notkun pappírs. Almennur úrgangur er flokkaður og reynt er að haga innkaupum sjóðsins þannig að þau séu umhverfisvæn.

### Áhrif óvissu og væntanleg þróun sjóðsins

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2018. Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn þurfa að huga að því að selja eignir til að standa undir lífeyrisgreiðslum þar sem lífeyrisbyrði sjóðsins þyngist nú á hverju ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.


Reykjavík, 10. apríl 2019




Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, stjórnarformaður



Asa Clausen, stjórnarmaður




Rannveig Eriksdóttir, stjórnarmaður



Kolbrún Hauksdóttir, stjórnarmaður



Janus Arn Guðmundsson, stjórnarmaður



Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingadeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018, breytingu á handbæru fé á árinu 2018 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort val stjórnenda á reikningskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

## Áritun óháðs endurskoðanda


- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.
- Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 10. apríl 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.



Vignir Rafn Gíslason  
löggitur endurskoðandi

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018

	Skýring	2018	2017
<b>Iðgjöld</b>	6		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		79.429	86.778
Iðgjöld launagreiðenda .....		199.314	210.681
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(2.168)	30
		<u>276.575</u>	<u>297.490</u>
Sérstök aukaframlög .....	21	2.503.079	2.268.355
<b>Iðgjöld samtals</b>		<u>2.779.654</u>	<u>2.565.844</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris .....	22	(4.984.832)	(4.442.272)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		(2.660)	(3.471)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		(173)	(359)
<b>Lífeyrir samtals</b>		<u>(4.987.665)</u>	<u>(4.446.103)</u>
<b>Hreinar fjárfestingatekjur</b>	7		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	23-24	25.120	344.392
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	25	4.523.652	4.354.030
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		0	10.535
Aðrar fjárfestingatekjur:			
Vaxtatekur af handbæru fé .....		22.526	6.095
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		200	(864)
Fjárfestingagjöld .....	8, 26	(10.910)	(43.301)
<b>Hreinar fjárfestingatekjur samtals</b>		<u>4.560.589</u>	<u>4.670.888</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	9		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	27	(200.257)	(189.889)
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>		<u>(200.257)</u>	<u>(189.889)</u>
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....</b>		2.152.320	2.600.740
Hrein eign frá fyrra ári .....		76.662.369	74.061.629
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs .....</b>		<u><u>78.814.689</u></u>	<u><u>76.662.369</u></u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	<u>Skýring</u>	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	36-37		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	12, 24, 30	8.722.694	8.901.964
Skuldabréf .....	13, 31	69.814.558	67.492.016
Bundnar bankainnstæður .....	14	0	59.572
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<u>78.537.252</u>	<u>76.453.553</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		8.464	3.144
Aðrar kröfur .....		173.900	214.415
<b>Kröfur samtals</b>	16, 33	<u>182.364</u>	<u>217.559</u>
<b>Ýmsar eignir</b>			
Handbært fé .....		436.974	533.368
<b>Ýmsar eignir samtals</b>		<u>436.974</u>	<u>533.368</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>79.156.591</u></u>	<u><u>77.204.479</u></u>
<b>Skuldir</b>			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur .....		3.669	4.185
Aðrar skuldir .....		338.232	537.925
<b>Skuldir samtals</b>		<u>341.901</u>	<u>542.110</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u><u>78.814.689</u></u>	<u><u>76.662.369</u></u>
Skuldbindingar utan efnahags .....	35		
Áhættustýring .....	38-43		

## Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýring	2018	2017
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		2.774.334	2.574.467
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....		22.727	5.231
Aðrar inngreiðslur .....		15.901	257.511
<b>Inngreiðslur samtals</b>		<u>2.812.961</u>	<u>2.837.210</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....		(4.987.665)	(4.446.103)
Rekstrarkostnaður .....		(200.257)	(189.889)
Aðrar útgreiðslur .....		(186.505)	(43.301)
<b>Útgreiðslur samtals</b>		<u>(5.374.428)</u>	<u>(4.679.292)</u>
<b>Ráðstöfunarfé til fjárfestinga</b>		(2.561.467)	(1.842.083)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Innborgaðar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum .....		135.094	112.717
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		(5.808.066)	(2.843.286)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		5.877.362	3.842.707
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....		7.156.339	6.343.919
Keypt skuldabréf .....		(4.955.229)	(6.932.043)
Seld skuldabréf .....		0	1.668.279
Bundin innlán .....		59.572	122.999
<b>Fjárfestingahreyfingar nettó</b>		<u>2.465.073</u>	<u>2.315.291</u>
(Lækkun)/hækkun á handbæru fé .....		(96.394)	473.209
Handbært fé í upphafi árs .....		533.368	60.159
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<u>436.974</u>	<u>533.368</u>



# Skýringar

## Starfsemi

### 1. Almennt

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb eða sjóðurinn) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurbæjar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998.

Aðsetur sjóðsins er að Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 10. apríl 2019.

### 2. Sjóðfélagar

Sjóðurinn rekur tvær samtryggingardeildir A deild og B deild sem eru númer 640.

Sjóðurinn var ætlaður þeim sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Reykjavíkurborg, stofnunum borgarinnar eða stofnunum eða félögum skrásettum í Reykjavík sem borgin átti aðild að og voru iðgjaldskyldir til sjóðsins. Í júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma.

#### A deild

A deild er almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf starf eða meira í fulla tólf mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla) eða breytast með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

#### B deild

Framangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

#### Ábyrgð Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu borgin og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af greiddum lífeyri. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsógn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 70% árið 2018 (2017: 69%).

### 3. Rekstur

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur annast rekstur sjóðsins frá 1. júní 1999.

## Reikningsskilaaðferðir

### 4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er bæði starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tilgreint sérstaklega.

### 5. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins:

- Gangvirði óskráðra fjárfestinga.
- Tryggingafræðileg staða, sjá yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu og skýringu 34.

## Skýringar

### 6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins. Endurgreiðslan nam 70% af greiddum lífeyri á árinu 2018. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

### 7. Hreinar fjárfestingatekjur

Undir hreinar fjárfestingatekjur færast allar fjárfestingatekjur að frádregnum öllum fjárfestingagjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

#### a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 26 um fjárfestingargjöld. Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 24 má sjá hreinar fjárfestingatekjur af 20 stærstu fjárfestingum sjóðsins í félögum og sjóðum.

#### b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 26 um fjárfestingargjöld. Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

#### c) Aðrar fjárfestingatekjur

Undir liðinn ýmsar fjárfestingatekjur falla m.a. vaxtatekjur af handbæru fé.

#### d) Fjárfestingagjöld

Fjárfestingagjöld samstanda aðallega af gjöldum og þóknunum til fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins.

### 8. Þóknarir til fjármálafyrirtækja

Þóknarir til fjármálafyrirtækja skiptast í beinar þóknarir, sem greiddar eru samkvæmt samningum eða gjaldskrá, og óbeinar þóknarir sem koma fram í gengismun í viðskiptum eða vaxtatekjum.

Beinar þóknarir skiptast í:

- Eignastýringarþóknarir, sem almennt reiknast sem hlutfall af eignum í stýringu og eru mismunandi milli þjónustuaðila.
- Vörsluþóknarir, sem almennt reiknast af virði eignasafns hverju sinni og eru mismunandi milli vörsluaðila.
- Viðskiptaþóknarir vegna beinna viðskipta, sem almennt reiknast sem hlutfall af viðskiptum hverju sinni.

### 9. Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður stjórnar sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

### 10. Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnistæðum, fjárfestingum í íbúðarhúsnæði og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

Nánari umfjöllun um reikningsskilaaðferðir sem snúa að fjárfestingum er að finna í skýringum 11-15.

## Skýringar

### 11. Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán og skuldabréf sem haldin eru til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán og skuldabréfaeign sem stjórnendur ætla að halda til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu 37. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

### 12. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

### 13. Skuldabréf

Undir liðinn skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 31 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

### 14. Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður eru færð innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða en sjóðurinn horfir á þessar bankainnstæður sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

### 15. Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok.

### 16. Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færð í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Afskriftin er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 17. Varanlegir rekstrarfjármunir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar átti enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2018 eða í árslok 2017.

### 18. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði.

### 19. Skuldir

Skuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 20. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi Seðlabanka Íslands í árslok. Notað er kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir. Útreikningur á flökti tekur tillit til kaupgengis Seðlabanka Íslands.

Mynt	Kaupgengi		Sölugengi		Meðalgengi		Ársflökt	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017	2018	2017	2018	2017
USD .....	116,05	104,17	116,61	104,67	108,38	106,78	11,1%	13,8%
EUR .....	132,86	124,70	133,60	125,40	127,73	120,54	8,4%	12,9%
GBP .....	147,97	140,64	148,69	141,32	144,35	137,45	10,4%	14,1%
DKK .....	17,79	16,75	17,89	16,85	17,14	16,20	8,4%	12,9%

## Skýringar

## Sundurliðanir

## 21. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög sundurliðast sem hér segir:

	2018	2017
Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri .....	2.382.973	2.137.057
Samtímagreiðslur .....	96.741	108.302
Framlag ríkis til jöfnunar örorkubyrði .....	23.366	22.995
	<u>2.503.079</u>	<u>2.268.355</u>

Sérstök aukaframlög skiptist sem hér segir á launagreiðendum:

	2018	2017
Reykjavíkurborg .....	2.063.365	1.829.428
Aðrir launagreiðendur .....	319.608	367.575
Framlag ríkis til jöfnunar örorkubyrði .....	23.366	22.995
	<u>2.503.079</u>	<u>2.268.355</u>

## 22. Lífeyrir

Lífeyrir sundurliðast sem hér segir:

	2018	2017
Ellilífeyrir .....	4.064.869	3.567.185
Örorkulífeyrir .....	189.419	179.127
Makalífeyrir .....	729.632	694.622
Barnalífeyrir .....	912	1.338
	<u>4.984.832</u>	<u>4.442.272</u>

## 23. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast sem hér segir:

Hlutabréf	Arður	Gangvirðis- breytingar	Áhrif gjaldmiðla	Hreinar tekjur	
				2018	2017
Skráð félög .....	132.393	(389.633)	32.086	(225.155)	118.288
Óskráð félög .....	0	14.097	0	14.097	11.700
	<u>132.393</u>	<u>(375.536)</u>	<u>32.086</u>	<u>(211.058)</u>	<u>129.988</u>
Hlutdeildarskírteini	Arður	Gangvirðis- breytingar	Áhrif gjaldmiðla	Hreinar tekjur	
Hlutabréfasjóðir .....	1.137	15.987	144.090	161.214	132.743
Skuldabréfasjóðir .....	0	11.633	0	11.633	4.733
Peningamarkaðssjóðir .....	0	63.331	0	63.331	76.929
	<u>1.137</u>	<u>90.951</u>	<u>144.090</u>	<u>236.178</u>	<u>214.404</u>
<b>Samtals eignarhlutir í félögum og sjóðum .....</b>	<b>133.530</b>	<b>(284.585)</b>	<b>176.176</b>	<b>25.120</b>	<b>344.392</b>

## Skýringar

## 24. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast sem hér segir:

	Verðbréfa- gerð	Bókfært	Arður	Áhrif gjaldmiðla	Gangvirðis- breytingar	Hreinar tekjur	
		verð 31.12.2018				2018	2017
Marel hf. ....	Hlutabréf	1.393.754	20.500	0	155.471	175.972	190.764
Össur hf. ....	Hlutabréf	562.952	2.179	28.240	81.275	111.694	199.123
Stefnir Lausafjársjóður .....	PM sjóður	561.610	0	0	23.979	23.979	30.954
Reitir fasteignafélag hf. ....	Hlutabréf	532.275	14.043	0	(84.067)	(70.024)	(46.026)
IS Lausafjár safn .....	PM sjóður	506.876	0	0	7.187	7.187	0
Icelandair Group hf. ....	Hlutabréf	412.695	8.800	0	(369.230)	(360.430)	(291.118)
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður .....	Hlutabréf	412.206	9.446	0	7.507	16.953	11.087
Landsbréf - Veltubréf .....	PM sjóður	407.522	0	0	7.783	7.783	0
Síminn hf. ....	Hlutabréf	387.920	3.484	0	(44.984)	(41.500)	77.570
Hagar hf. ....	Hlutabréf	361.071	7.934	0	59.818	67.753	(54.776)
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	Hlutabréf	306.884	20.514	0	(66.661)	(46.147)	94.146
Goldman Sachs Liq. Reserves Fund .....	PM sjóður	234.204	0	0	0	0	0
JPM Liq. USD Treasury CNAV Fund .....	PM sjóður	234.204	0	0	0	0	0
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ....	Hlutabréf	233.629	17.712	0	(47.795)	(30.083)	45.048
iShares Core S&P 500 UCITS ETF USD ...	Hlutabréfasj.	226.344	0	24.551	(13.480)	11.070	23.939
Skeljungur hf. ....	Hlutabréf	211.185	7.175	0	14.333	21.508	(1.155)
iShares MSCI USA ETF USD .....	Hlutabréfasj.	178.589	0	19.412	(11.035)	8.376	31.514
ROBECO BP US PREMIUM EQ-IUSD .....	Hlutabréfasj.	165.941	0	28.352	(25.132)	3.220	12.720
MFS MER-EUROPEAN VALUE-I1 .....	Hlutabréfasj.	146.900	0	13.224	(3.262)	9.962	23.786
Tryggingamiðstöðin hf. ....	Hlutabréf	145.096	12.320	0	(44.132)	(31.812)	19.490
Aðrar eignir .....		1.100.838	9.422	62.398	67.838	139.658	(22.675)
		8.722.694	133.530	176.176	(284.585)	25.120	344.392

## 25. Hreinar tekjur af skuldabréfum

Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast sem hér segir:

	Gangvirðis- breyting	Áhrif gjaldmiðla	Breyting á niðurfærslu	Hreinar tekjur	
				2018	2017
<b>Skuldabréf færð á gangvirði</b>					
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	1.293.541	0	0	1.293.541	1.737.677
Skuldabréf sveitarfélaga .....	150.323	0	0	150.323	166.895
Skuldabréf lánastofnana .....	459.654	0	0	459.654	335.370
	1.903.518	0	0	1.903.518	2.239.941
<b>Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga</b>					
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	1.365.788	64.476	0	1.430.264	1.171.185
Skuldabréf sveitarfélaga .....	457.547	0	0	457.547	337.734
Skuldabréf lánastofnana .....	43.009	0	0	43.009	65.721
Skuldabréf fyrirtækja .....	589.050	6.976	588	596.615	482.721
Útlán til sjóðfélaga .....	22.417	0	0	22.417	22.494
Önnur útlán .....	70.283	0	0	70.283	34.233
	2.548.094	71.453	588	2.620.134	2.114.089
<b>Samtals skuldabréf .....</b>	<b>4.451.612</b>	<b>71.453</b>	<b>588</b>	<b>4.523.652</b>	<b>4.354.030</b>

Breyting á niðurfærslu skuldabréfa sundurliðast sem hér segir:

	2018	2017
Staða í ársbyrjun .....	67.929	67.684
Breyting á niðurfærslu .....	(588)	245
<b>Staða í árslok .....</b>	<b>67.341</b>	<b>67.929</b>



## Skýringar

## 26. Fjárfestingagjöld

Fjárfestingagjöld sundurliðast sem hér segir:

	2018	2017
Fjársýsluþóknun .....	0	30.487
Vörsluþóknun .....	10.218	11.300
Kaup- og söluþóknunir vegna verðbréfavíðskipta .....	692	2.367
Önnur fjárfestingagjöld .....	0	(854)
	10.910	43.301

Óbeinar þóknunir eru ekki sérgreindar í reikningum sjóðsins heldur koma fram í ávöxtun undirliggjandi eigna. Óbeinar þóknunir eru áætluð fjárhæð sem byggir á upplýsingum um viðvarandi gjöld sjóða (Ongoing cost). Áætluð fjárhæð þeirra er sem hér segir:

	Hlutfall af meðaleign		Fjárhæð	
	2018	2017	2018	2017
Innlendir verðbréfasjóðir .....	0,0%	0,7%	0	483
Innlendir fjárfestingarsjóðir .....	0,5%	0,6%	7.713	22.813
Innlendir fagfjárfestingsjóðir .....	0,4%	0,5%	12.003	12.719
Erlendir verðbréfasjóðir .....	0,8%	1,1%	10.370	12.561
			30.086	48.577
<b>Samtals beinar og óbeinar þóknunir til fjármálafyrirtækja .....</b>			40.996	91.877

## 27. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2018	2017
Laun og launatengd gjöld stjórnar og endurskoðunarnefndar .....	9.339	10.227
Annar rekstrarkostnaður .....	190.919	179.662
	200.257	189.889

## 28. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda

Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda sundurliðast sem hér segir:

Stjórn	2018	2017
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar .....	1.070	0
Heiða Björg Hilmisdóttir, fyrrverandi formaður stjórnar .....	1.070	1.070
Skúli Þór Helgason, fyrrverandi formaður stjórnar .....	0	821
Ása Clausen .....	1.070	1.070
Þógrímur Hallgrímsson .....	1.070	1.070
Janus Arn Guðmundsson .....	535	0
Alexandra Briem .....	357	0
Rannveig Ernudóttir .....	178	0
Heiðar Ingi Svansson .....	535	1.070
Haldór Halldórsson .....	535	936
Hildur Sverrisdóttir .....	0	164
	6.422	6.202
<b>Endurskoðunarnefnd</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Birgir Björn Sigurbjörnsson, formaður endurskoðunarnefndar .....	654	535
Björk Vilhelmsdóttir .....	297	238
Ása Clausen .....	238	268
	1.189	1.041

Framkvæmdastjóri sjóðsins er á launaskrá hjá Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga sem annast rekstur sjóðsins.

## Skýringar

## 29. Þóknar til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings

Þóknar til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings sundurliðast sem hér segir:

	2018	2017
<b>Ytri endurskoðendur</b>		
Endurskoðun ársreiknings .....	4.593	3.499
Önnur þjónusta .....	0	38
	4.593	3.537
<b>Innri endurskoðendur</b>		
Innri endurskoðun .....	1.765	1.313
	1.765	1.313
<b>Tryggingastærðfræðingur</b>		
Tryggingafræðileg athugun .....	1.911	1.736
Önnur þjónusta .....	285	1.023
	2.196	2.759

## 30. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum sundurliðast sem hér segir:

Hlutabréf	Innlend	Erlend	31.12.2018	Innlend	Erlend	31.12.2017
Skráð félög .....	4.135.993	630.095	4.766.088	3.341.432	515.187	3.856.619
Óskráð félög .....	532.906	0	532.906	452.058	0	452.058
	4.668.899	630.095	5.298.994	3.793.490	515.187	4.308.677
<b>Hlutdeildarskírteini</b>						
Hlutabréfasjóðir .....	0	1.378.695	1.378.695	2.045.223	1.368.038	3.413.261
Skuldabréfasjóðir .....	100.590	0	100.590	88.958	0	88.958
Peningamarkaðssjóðir .....	1.476.008	468.407	1.944.415	1.091.068	0	1.091.068
	1.576.598	1.847.102	3.423.701	3.225.249	1.368.038	4.593.287
<b>Eignarhlutir í félögum og sjóðum samtals .....</b>	<b>6.245.497</b>	<b>2.477.197</b>	<b>8.722.694</b>	<b>7.018.739</b>	<b>1.883.225</b>	<b>8.901.964</b>

Eignarhlutur í einstökum hlutafélögum er undir 2% af útgefnu hlutafé og bókfært verð undir 5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, nema í eftirfarandi tilvikum:

Félag og sjóðir	Verðbréfa-gerð	Eignarhlutur	Skráð/óskráð	Kostnaðar-verð	Bókfært virði	31.12.2018	31.12.2017
Virðing - Veðskuldabréfasjóður .....	Skuldab.sjóð	10,00%	Óskráð	60	60	60	60
ÍV - Veðskuldabréfasjóður .....	Skuldab.sjóð	9,31%	Óskráð	75.000	100.530	88.898	88.898
Alda Credit Fund slhf. ....	Hlutabréf	6,60%	Óskráð	104.000	120.700	114.110	114.110
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður .....	Hlutabréf	5,72%	Óskráð	394.378	412.206	337.948	337.948
Stefnir Lausafjár sjóður .....	PM sjóður	2,44%	Óskráð	545.195	561.610	637.632	637.632
				1.118.634	1.195.106	1.178.648	1.178.648

## Skýringar

## 31. Skuldabréf

Skuldabréf sundurliðast sem hér segir:

Skuldabréf færð á gangvirði	31.12.2018			31.12.2017		
	Innlend	Erlend		Innlend	Erlend	
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	17.134.032	0	17.134.032	16.600.659	0	16.600.659
Skuldabréf sveitarfélaga .....	2.393.465	0	2.393.465	2.107.126	0	2.107.126
Skuldabréf lánastofnana .....	6.975.841	0	6.975.841	5.030.611	0	5.030.611
Skuldabréf fyrirtækja .....	325.819	0	325.819	321.929	0	321.929
Skuldabréf færð á gangvirði samtals	26.829.158	0	26.829.158	24.060.324	0	24.060.324
<b>Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga</b>	<b>Innlend</b>	<b>Erlend</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>Innlend</b>	<b>Erlend</b>	<b>31.12.2017</b>
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	26.846.782	0	26.846.782	28.301.605	0	28.301.605
Skuldabréf sveitarfélaga .....	6.431.570	0	6.431.570	5.729.918	0	5.729.918
Skuldabréf lánastofnana .....	847.827	0	847.827	861.236	0	861.236
Skuldabréf fyrirtækja .....	7.980.296	0	7.980.296	7.600.047	0	7.600.047
Varúðarniðurfærsla .....	(67.341)	0	(67.341)	(67.929)	0	(67.929)
	42.039.135	0	42.039.135	42.424.877	0	42.424.877
Útlán til sjóðfélaga .....	280.939	0	280.939	350.137	0	350.137
Önnur útlán .....	665.326	0	665.326	656.678	0	656.678
	946.265	0	946.265	1.006.815	0	1.006.815
Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga samtals .....	42.985.400	0	42.985.400	43.431.692	0	43.431.692
Áætlað gangvirði .....	43.198.663	0	43.198.663	43.471.608	0	43.471.608
<b>Skuldabréf samtals .....</b>	<b>69.814.558</b>	<b>0</b>	<b>69.814.558</b>	<b>67.492.016</b>	<b>0</b>	<b>67.492.016</b>

## 32. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum sundurliðast sem hér segir:

	Mynt	Hlutfall		Bókfært verð	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Íslensk króna .....	ISK	95,9%	96,6%	75.323.786	73.846.828
Bandaríkjadalur .....	USD	2,8%	2,2%	2.232.150	1.700.879
Evra .....	EUR	0,4%	0,4%	276.408	284.142
Sterlingspund .....	GBP	0,0%	0,0%	4.378	16.627
Dönsk króna .....	DKK	0,8%	0,7%	630.095	530.682
Aðrar myntir .....		0,1%	0,1%	70.436	74.394
		100,0%	100,0%	78.537.252	76.453.553

## 33. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda. Aðrar kröfur eru vegna fyrirgramgreidds lífeyris og annarra krafna.

## Skýringar

### 34. Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð 391/1998. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi sem hefur til þess tilskilda staðfestingu frá Fjármálaeftirlitinu og starfar sjálfstætt utan sjóðsins.

Helstu forsendur útreikninga miðast við ákvæði IV kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum. Við mat á dánar- og lífslíkum skal nota nýjustu dánar- og eftirlifendatölur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Í reglugerðinni kemur einnig fram að við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skuli nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs. Tryggingastærðfræðingi er heimilt að víkja frá framangreindum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Við úttekt ársins 2018 var miðað við sértækar lífs- og örorkulíkur fyrir sjóðinn og því vikið frá staðalforsendum.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbinding fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða. Útreikningur tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2018 miðast við hinn nýja reiknigrundvöll sem aðlagður hefur verið að reynslu sjóðsins.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins greiðir borgarsjóður og aðrir launagreiðendur tiltekinn hundradshluta lífeyris samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall var 70% á árinu 2018 og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 30% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildareignir sjóðsins í jafnvægi við heildarskuldbindingar.

Eignir	2018	2017
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok .....	128.128.847	124.588.831
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun .....	124.588.831	121.738.129
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	3.540.016	2.850.702

#### Heildarskuldbindingar

Skuldbindingar í árslok .....	106.985.835	103.242.096
Skuldbindingar í ársbyrjun .....	103.242.096	99.062.384
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	3.743.739	4.179.712

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu ..... (203.723) (1.329.011)

Þróun áfallinna lífeyrisskuldbindinga var sem hér segir:

	2018	2017
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun .....	98.826.103	94.266.262
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta .....	7.714.000	8.355.000
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins .....	596.000	658.900
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu .....	(4.985.000)	(4.260.100)
Hækkun vegna nýrra forsenda um lífs- og örorkulíkur .....	1.117.000	0
Lækkun vegna annarra breytinga .....	(289.277)	(193.959)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	102.978.826	98.826.103

### 35. Óinnkallaðar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í innlendum framtakssjóðum. Það er óvíst hvenær þessi loforð verða innkölluð og einnig hvort þau verða innkölluð að fullu. Óinnkallaðar skuldbindingar greinast sem hér segir

Innlendir sjóðir	31.12.2018		31.12.2017	
	Mynt	Í ISK	Í mynt	Í ISK
Veðskuldabréfasjóður Landsbréfa .....	ISK	0	0	172.372
		0		172.372

## Skýringar

## 36. Flokkun fjármálagerninga

Fjármálagerningar sjóðsins sundurliðast sem hér segir:

	Fært á gangvirði	Útlán	Haldið til gjaldþaga	31.12.2018	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	8.722.694			8.722.694	8.722.694
Skuldabréf .....	26.829.158	946.265	42.039.135	69.814.558	70.027.821
	35.551.852	946.265	42.039.135	78.537.252	78.750.515

	Fært á gangvirði	Útlán	Haldið til gjaldþaga	31.12.2017	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	8.901.964			8.901.964	8.901.964
Skuldabréf .....	24.060.324	1.006.815	42.424.877	67.492.016	67.531.932
Bundnar bankainnstæður .....	59.572			59.572	59.572
	33.021.860	1.006.815	42.424.877	76.453.553	76.493.468

## 37. Stigskipting gangvirðis

## a) Skilgreiningar

Við mat á gangvirði fjáreigna er byggt á viðurkenndum verðmatsaðferðum. Matsaðferðum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar áreiðanleika þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis.

## Stig 1

Gangvirðismatið byggir á skráðum verðbréfum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

## Stig 2

Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stig 2 eru færðar fjárfestingar þar sem ekki er virkur markaður.

## Stig 3

Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjárfestingum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestastjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samantali við sambærilegar fjáreignir.

Sjóðurinn leitast ávallt við að nota verðmatsaðferðir á lágsta mögulega stigi.

## b) Flokkun fjáreigna á gangvirði eftir stigi matsaðferðar

Gangvirði fjáreigna á gangvirði skiptist sem hér segir eftir stigi verðmatsaðferðar:

	31.12.2018	31.12.2017
Stig 1 .....	34.918.357	30.435.622
Stig 2 .....	100.590	2.134.181
Stig 3 .....	532.906	452.058
	35.551.852	33.021.860

## c) Þróun fjáreigna sem falla undir stig 3

Gangvirði fjáreigna á gangvirði skiptist sem hér segir eftir stigi verðmatsaðferðar:

	31.12.2018
Staða 1.1 .....	452.058
Keypt á árinu .....	74.307
Selt á árinu/afborganir .....	(7.557)
Vextir og matsbreytingar .....	14.097
Staða 31.12	532.906

## Skýringar

### Áhættustýring

#### 38. Áhættustýring og áhættuþættir í starfsemi

Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt áhættueftirlit með starfsemi sjóðsins. Hún hefur mótað og sett áhættustefnu og áhættustýringarstefnu og skilgreint áhættuvilja. Á grundvelli áhættustefna felur stjórn framkvæmdastjóra og sviðsstjóra áhættustýringar umsjón með áhættueftirliti en framkvæmd stefnunnar dreifist á starfsmenn eftir ábyrgðarsviði. Áhættustefna og áhættuvilji sjóðsins var yfirfarin á árinu 2018 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn þann 30. maí 2018.

Stefnuskipti sjóðsins byggja á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum eftirlitsaðgerðum, virku innra eftirliti og reglubundnu áhættumati. Aðferð sjóðsins við mat á áhættu byggir m.a. á alþjóðlegum ISO/IEC stöðlum sem aðlagðir hafa verið að starfsemi sjóðsins. Staðlarnir ná yfir uppbyggingu og skilgreiningar á lykilhugtökum áhættustýringar og upplýsingaöryggi. Í áhættustýringarstefnu er áhætta í starfsemi sjóðsins og stjórnskipulag áhættustýringar skilgreint, lýsing á aðferðafræði við áhættumat og skilgreining á ábyrgð/hlutverki einstakra eininga og starfsmanna sjóðsins í að meta, vakta og stýra áhættum.

Tilgangur með áhættustefnum og skilgreiningu á áhættuvilja stjórnar er að auka öryggi í rekstri hans. Í áhættustýringarstefnu eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu þ.e. fjárhagsáhætta (markaðsáhætta), mótaðilaáhætta, lífeyrstryggingaráhætta, lausafjárahætta og rekstraráhætta. Í hverjum meginflokki áhættu eru skilgreindir undirflokkar.

#### 39. Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna þ.e. breyting á vöxtum, gengi gjaldmiðla, virði verðbréfa eða öðrum þáttum sem ráðast af aðstæðum á markaði. Fjárhagslegri áhættu má skipta í nokkra flokka:

##### a) Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og þar af leiðandi til hækkunar á skuldbindingum sem hlutfall af eignum. Ef vextir hækka lækkar verð skuldabréfa sem getur leitt til þess að sjóðurinn þurfi að innleysa gengistap við sölu sem keypt voru á lægri vöxtum. Lækkandi vaxtaumhverfi getur leitt til lækkunar á ávöxtunarkröfu við kaup nýrra skuldabréfa þegar skuldabréf í eigu sjóðsins eru á gjalddaga eða greidd upp fyrir lokagjalddaga.

Sjóðurinn er lokaður þannig að iðgjöld fara lækkandi ár frá ári. Hækkun á lífeyrisbyrði er mætt með framlagi launagreiðanda og sölu eigna. Endurfjárfestingaráhættan er því takmörkuð en vaxtaáhætta er til staðar.

Hluti skuldabréfa sjóðsins er færður til bókar á gangvirði og hluti á upphaflegri ávöxtunarkröfu við kaup. Sá hluti sem færður er til bókar á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Hér að neðan má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hefur á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði, hreina eign og tryggingafræðilega stöðu. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta (-1%) og hins vegar að ávöxtunarkrafan hækki um 100 punkta (+1%).

	Skuldabréf færð á gangvirði			Skuldabréf færð á gangvirði		
	Verðtryggð	Óverðtryggð	31.12.2018	Verðtryggð	Óverðtryggð	31.12.2017
<b>Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris</b>						
100 punkta lækkun ávöxtunarkröfu .....	2.169.959	158.901	2.328.860	2.293.672	197.978	2.491.650
100 punkta hækkun ávöxtunarkröfu .....	(1.875.695)	(146.843)	(2.022.538)	(1.961.837)	(181.838)	(2.143.675)
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði</b>						
100 punkta lækkun ávöxtunarkröfu .....			81.143.549			79.154.020
100 punkta hækkun ávöxtunarkröfu .....			76.792.151			74.518.694
<b>Áhrif á tryggingafræðilega stöðu</b>						
100 punkta lækkun ávöxtunarkröfu .....	2,0%	0,1%	2,2%	2,2%	0,2%	2,4%
100 punkta hækkun ávöxtunarkröfu .....	-1,8%	-0,1%	-1,9%	-1,9%	-0,2%	-2,1%
<b>Tryggingafræðileg staða (án framlags launagreiðanda) eftir breytt gangvirði</b>						
100 punkta lækkun ávöxtunarkröfu .....			-30,1%			-29,1%
100 punkta hækkun ávöxtunarkröfu .....			-34,2%			-33,6%

Hér er eingöngu tekið mið af breytingu á hreina eign til greiðslu lífeyris en undanskilin eru áhrif af endurmati verðbréfa. Í raun eru engin áhrif af vaxtaáhættu á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins vegna þeirra forsendna sem notaðar eru við útreikning á verðmæti skuldabréfa í tryggingafræðilegri úttekt.

##### b) Uppgreiðsluáhætta

Áhætta tengd uppgreiðslu skuldabréfa fyrir gjaldaga en hluti skuldabréfa sjóðsins er með uppgreiðsluheimild. Ef skuldabréf eru greidd upp fyrir lokagjalddaga þarf sjóðurinn hugsanlega að endurfjárfesta á lægri vöxtum en sem nemur vöxtum uppgreiddra skuldabréfa.

## Skýringar

## c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna verðbreytinga á fjármálagerningum sem skráðir eru á markaði eða hafa beina tengingu við skráð markaðsbréf. Fé í húfi þ.e. VaR (Value at Risk) er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við eignasafn sjóðsins og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna og með því er unnt að skoða sviðsmyndir til að meta markaðsáhættu.

Stór hluti eigna sjóðsins er í markaðsverðbréfum, bæði hlutabréfum og skuldabréfum. Markaðsverðbréf ásamt handbæru fé mynda stærsta hluta þeirra eigna sem ætlað er að standa á móti lífeyrisskuldbindingu sjóðsins. Fjárfestingar sjóðsins í markaðsverðbréfum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó er hluti af fjárfestingum sjóðsins í óskráðum eignum.

	Bókfært verð		Hlutfall af hreinni eign	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði .....	6.245.497	7.018.739	7,9%	9,2%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði .....	2.477.197	1.883.225	3,1%	2,5%
Innlend skuldabréf á gangvirði .....	26.829.158	24.060.324	34,0%	31,4%
	35.551.852	32.962.288	45,1%	43,0%

	Innlendir	Erlendir	31.12.2018	Innlendir	Erlendir	31.12.2017
<b>Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris</b>						
5% lækkun gangvirðis .....	(1.653.733)	(123.860)	(1.777.593)	(1.553.953)	(94.161)	(1.648.114)
10% lækkun gangvirðis .....	(3.307.466)	(247.720)	(3.555.185)	(3.107.906)	(188.323)	(3.296.229)
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði</b>						
5% lækkun gangvirðis .....			77.037.097			75.014.255
10% lækkun gangvirðis .....			75.259.504			73.366.140
<b>Áhrif á tryggingafræðilega stöðu</b>						
5% lækkun gangvirðis .....	-1,5%	-0,1%	-1,7%	-1,5%	-0,1%	-1,6%
10% lækkun gangvirðis .....	-3,1%	-0,2%	-3,3%	-3,0%	-0,2%	-3,2%
<b>Tryggingafræðileg staða (án framlags launagreiðanda) eftir breytt gangvirði</b>						
5% lækkun gangvirðis .....			-34,0%			-33,1%
10% lækkun gangvirðis .....			-35,6%			-34,7%

Áhrif 5,0% eða 10,0% hækkunar gangvirðis væru samsvarandi, en í gagnstæða átt, þ.e. til hækkunar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til bætingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins

## d) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst í að sveiflur á gengi íslensku krónunnar annars vegar og erlendra myntkrossa hins vegar hafi neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins. Fé í húfi þ.e. VaR (Value at Risk) er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við gjaldeyrissamsetningu eigna og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna og með því er unnt að skoða sviðsmyndir til að meta gjaldmiðlaáhættu. Hægt er að stýra gjaldmiðlaáhættu með framvirkum samningum.

Stærsti hluti eigna og skulda sjóðsins er í íslenskum krónum. Í skýringu 20 er að finna upplýsingar um þróun gengis helstu gjaldmiðla í starfsemi sjóðsins.

	Mynt	Eignir	Skuldir	Hrein eign		Hrein eign	
				31.12.2018	Eignir	Skuldir	31.12.2017
Íslensk króna .....	ISK	75.839.657	341.901	75.497.755	74.597.755	542.110	74.055.645
Bandaríkjadalur .....	USD	2.301.587	0	2.301.587	1.700.879	0	1.700.879
Evra .....	EUR	276.872	0	276.872	284.142	0	284.142
Sterlingspund .....	GBP	17.029	0	17.029	16.627	0	16.627
Dönsk króna .....	DKK	651.010	0	651.010	530.682	0	530.682
Aðrar myntir .....		70.436	0	70.436	74.394	0	74.394
		79.156.591	341.901	78.814.689	77.204.479	542.110	76.662.369

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris</b>		
5% styrking íslensku krónunnar .....	(165.847)	(130.336)
10% styrking íslensku krónunnar .....	(331.693)	(260.672)
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði</b>		
5% styrking íslensku krónunnar .....	78.648.843	76.532.033
10% styrking íslensku krónunnar .....	78.482.996	76.401.697
<b>Áhrif á tryggingafræðilega stöðu</b>		
5% styrking íslensku krónunnar .....	-0,2%	-0,1%
10% styrking íslensku krónunnar .....	-0,3%	-0,3%
<b>Tryggingafræðileg staða (án framlags launagreiðanda) eftir breytt gangvirði</b>		
5% styrking íslensku krónunnar .....	-32,5%	-31,7%
10% styrking íslensku krónunnar .....	-32,6%	-31,8%

Áhrif 5,0% eða 10,0% veikingar íslensku krónunnar væru samsvarandi, en í gagnstæða átt.

## e) Ósamræmisáhætta

Ósamræmisáhætta vísar til ósamræmis í breytingum á markaðsverði og skuldbindinga. Ósamræmisáhætta hjá sjóðnum er mikil og endurspeglast m.a. í að:

- Eignir til greiðslu lífeyris sem hlutfall af lífeyrisskuldbindingum er neikvætt sem nemur 32,3% þegar framlag launagreiðanda er ekki meðtalið.
- Eignir eru ekki verðtryggðar að fullu.
- Lífeyrisskuldbindingar eru tryggðar með vísitölu lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna sem hefur hækkað mun meira en sem nemur hækkan vísitölu neysliverðs á árinu 2017 og 2018. Sjá töflu í kafla um verðbólguáhættu.

Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf til að meta ósamræmið á milli eigna og skuldbindinga. Með prófunum er reynt að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir eignum og skuldbindingum.

## f) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins vegna þess að lífeyrisskuldbindingarnar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er samansett af verðtryggðum og óverðtryggðum eignum. Verðtryggðar eignir sjóðsins eru sem hér segir:

	Bókfært verð		Hlutfall af hreinni eign	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins .....	41.122.525	41.449.505	52,2%	54,1%
Útlán .....	946.265	1.006.815	1,2%	1,3%
Önnur skuldabréf .....	17.522.554	14.417.314	22,2%	18,8%
Verðtryggðar eignir	59.591.345	56.873.634	75,6%	74,2%
Áfallin lífeyrisskuldbinding .....	102.978.826	98.826.103	130,7%	128,9%
Verðtryggingarjöfnuður	(43.387.481)	(41.952.469)	-55,0%	-54,7%
<b>Próun vísitalna á tímabilinu</b>			<b>2018</b>	<b>2017</b>
Vísitala neysliverðs .....			+3,3%	+1,7%
Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna .....			+5,9%	+6,9%

## g) Áhætta vegna eigna og skuldbindinga utan efnahagsreiknings

Áhætta felst í breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Sem dæmi um slíkar eignir og skuldbindingar má nefna framvirka samninga, afleiðusamninga og skuldbindandi samninga um fjárfestingar. Ekki eru til staðar opnir og útstandandi framvirkir gjaldmiðlasamningar og afleiður hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í innlendum sjóðum. Nánar er fjallað um þær í skýringu 35.



## Skýringar

### 40. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef mótaðili í viðskiptum eða útgefandi fjármálagernings getur ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum eða uppfylli ekki ákvæði samnings. Mótaðilaáhætta er skipt í útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, landsáhætta, afhendingaráhætta og uppgjörsáhætta. Með greiningu á mótaðilaáhætta er leitast við að meta hættuna á því að gagnaðilar fjármálagernings standi ekki við skuldbindingar sínar.

#### a) Samþjöppunaráhætta

Hættan á lítilli dreifingu mótaðila lífeyrissjóðs.

#### b) Landsáhætta

Hættan á að fjárfestingar séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Í árslok 2018 voru um 96% fjárfestingaeigna safnsins tengt Íslandi og íslenskri mynt.

#### c) Afhendingaráhætta

Hættan á að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálagernings.

#### d) Uppgjörsáhætta

Hættan á að mótaðili í viðskiptum, hvort heldur það er mótaðilinn sjálfur eða milligönguaðili, afhendi ekki fjármálagerning eða virði hans eins og um var samið. Sjóðurinn útbýr mánaðarlega vanskilaskýrslur til að fylgjast með stöðu vanskila á hverjum tíma.

#### e) Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum. Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán. Útlánaáhætta er m.a. metin á grundvelli mats á lánshæfi stærstu útgefenda.

Þeir mótaðilar sjóðsins sem hafa opinbera lánshæfiseinkunn eru ríkissjóður, Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. Ríkissjóður er með einkunnirnar A-3/A/A (Moody's/S&P/Fitch) þegar kemur að langtíma skuldbindingum í innlendri mynt. Í árslok var lánshæfiseinkunn Arion banka, Landsbanka Íslands og Íslandsbanka BBB+ frá Standard & Poor's á skuldbindingum til langs tíma.

Útlánaáhætta	Bókfært verð		Hlutfall af hreinni eign	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat S&P A .....	42.479.570	44.902.264	53,9%	58,6%
Mótaðilar með lánshæfismat S&P, BBB+ .....	7.823.669	4.279.894	9,9%	5,6%
Útlán .....	946.265	1.006.815	1,2%	1,3%
Önnur skuldabréf .....	18.632.396	17.370.972	23,6%	22,7%
Varúðarniðurfærsla skuldabréfa .....	(67.341)	(67.929)	-0,1%	-0,1%
Lánshæfismat 31.12.2018	69.814.558	67.492.016	88,6%	88,0%

Í skýringu 25 er fjallað um þróun varúðarniðurfærslu veðskuldabréfa, en hún lækkaði úr 67,9 m.kr. í 67,3 m.kr. á árinu 2018.

Vanskil 90 daga eða lengur	Bókfært verð		Hlutfall af hreinni eign	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Útlán .....	1.459	0	0,0019%	0,0000%

### 41. Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hættan á því að sjóðurinn geti ekki staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Helstu áhættuþættir fyrir sjóðsfélaga eru skerðingaráhætta, iðgjaldaáhætta, umhverfis- og lýðfræðileg áhætta. Til þess að meta lífeyrstryggingaráhætta er m.a. horft á hlutfall lífeyris á á móti iðgjöldum, aldurssamsetningu sjóðfélaga og fleira.

#### a) Skerðingaráhætta

Hættan á að skuldbindingar hækki meira en eignir og skerða þurfi réttindi. Það kemur ekki til þessa hjá sjóðnum þar sem hann nýtur ábyrgðar launagreiðanda sem þýðir að sjóðsfélagar verða ekki fyrir skerðingu á réttindum.

#### b) Iðgjaldaáhætta

Sjóðurinn er lokaður fyrir nýjum sjóðsfélögum þannig að virkum sjóðsfélögum fækkar ár frá ári og iðgjöld lækka. Launagreiðendur greiða mánaðarlega aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af greiddum lífeyri sem er endurreiknað af tryggingastærðfræðingi sjóðsins árlega.

#### c) Umhverfis- og lýðfræðileg áhætta

Hættan á neikvæðri þróun í ytra umhverfi, þ.á.m. félagslegrar og hagrænar breytingar sem auka á lífeyrisbyrði sjóðsins eða takmarki ávöxtun eignar. Þá er hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á lífeyrisréttindum sjóðsins breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir.

## Skýringar

### d) Álagspróf með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013

Áhættustýring sjóðsins framkvæmir álagspróf reglulega en markmið er að meta hvort tryggingafræðileg staða verði undir -10% miðað við mismunandi álagsþætti.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 eiga þessi viðmið ekki við um sjóði sem njóta ábyrgðar launagreiðenda. Í lögunum segir að ef tryggingafræðileg athugun leiðir í ljós meira en 10% halla er hlutaðeigandi sjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum. Sama gildir ef munur hefur haldist meira en 5% samfelld í fimm ár.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar nýtur ábyrgðar launagreiðenda og því eiga ofangreind viðmið ekki við um starfsemi sjóðsins.

### e) Niðurstöður álagsprófs

	Tryggingafræðileg staða		Áhrif þáttar	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Núverandi staða (án framlags launagreiðenda) .....	-32,3%	-31,5%		
Tryggingafræðileg krafa lækkuð úr 3,5% í 3% .....	-34,4%	-34,0%	-2,1%	-2,4%
Líftöflur hliðrast um 2 ár .....	-36,0%	-35,8%	-3,7%	-4,3%
Örorkulíkur auknar um 10% .....	-32,3%	-31,6%	0,0%	-0,1%
Vísitala neysluverðs hækkun ársins aukin um 0,5% .....	-32,4%	-31,6%	-0,1%	-0,1%
Gengisvísitala lækkar um 10% .....	-32,6%	-31,8%	-0,3%	-0,3%
Útlán lækka um 10% .....	-32,4%	-31,7%	-0,1%	-0,1%
Markaðsskuldabréf lækka um 10% .....	-34,8%	-33,8%	-2,5%	-2,3%
Erlend hlutabréf lækka um 10% .....	-32,6%	-31,7%	-0,2%	-0,2%
Innlend hlutabréf lækka um 10% .....	-32,9%	-32,0%	-0,6%	-0,5%

## 42. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að sjóðurinn hafi ekki nægjanlegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur t.d. til að greiða lífeyri, gera upp verðbréfavíðskipti eða standa straum af rekstrarkostnaði. Skipta má lausafjánhættu í seljanleikaáættu og útstreymisáættu.

### a) Seljanleikaáættu

Seljanleikaáættunni lýtur að áhættunni á því að ekki sé unnt að selja tiltekna fjármálagerninga innan tiltekins tíma, samkvæmt þörfum sjóðsins. Mánaðarlega eru útbúnar lausafjárspár sem sýna vænt fjárfleði næstu 12 mánuði.

Auðseljanlegar eignir sjóðsins sundurliðast sem hér segir:

	Bókfært verð		Hlutfall af hreinni eign	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Innlán .....	436.974	592.940	0,6%	0,8%
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	19.369.837	19.540.890	24,6%	25,5%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnana og fyrirtækja .....	19.056.844	16.019.751	24,2%	20,9%
Innlend skráð hlutabréf .....	4.135.993	3.341.432	5,2%	4,4%
Erlend skráð hlutabréf .....	630.095	515.187	0,8%	0,7%
Innlendir verðbréfasjóðir (lög nr. 128/2011) .....	1.476.008	3.136.291	1,9%	4,1%
Erlendir verðbréfasjóðir (lög nr. 128/2011) .....	1.847.102	1.368.038	2,3%	1,8%
	46.952.854	44.514.529	59,6%	58,1%

### b) Útstreymisáættu

Útstreymisáættu vísar til hættunnar á því að ekki sé unnt að standa við greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eða uppgjörs samninga, t.d. vegna verðbréfavíðskipta.

Til að lágmarka útstreymisáættu er fylgst með útstreymi greidds lífeyris og innstreymi iðgjalda og afborgana/arðgreiðslna af verðbréfum. Ef hlutfall milli lífeyris og iðgjalda er minna en 100% þýðir það að það er meira innstreymi af iðgjöldum til sjóðsins heldur en sjóðurinn greiðir út lífeyri, þ.e. nettó innstreymi fjármagns til sjóðsins.

	2018	2017
<b>Hlutfall lífeyris af iðgjöldum með framlagi launagreiðanda</b>		
Lífeyrir .....	4.987.665	4.446.103
Iðgjöld .....	2.779.654	2.565.844
Lífeyrisbyrði .....	179,4%	173,3%
<b>Hlutfall lífeyris af iðgjöldum án framlags launagreiðanda</b>		
Lífeyrir .....	4.987.665	4.446.103
Iðgjöld .....	276.575	297.490
Lífeyrisbyrði .....	1803,4%	1494,5%

## Skýringar

---

### 43. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á tjóni vegna ófullnægjandi innri verkferla, mistaka eða svika starfsmanna, vanvirkra upplýsingakerfa eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfinu. Skipta má rekstraráhættu m.a. í starfsmannaáhættu, áhættu vegna svika, áhættu vegna upplýsingatækni, orðsporsáhættu, lagalega áhættu, úrskurðaráhættu lífeyris, skjalaáhættu, áhættu vegna útvistunar og upplýsingaáhættu.

Undir rekstraráhættu flokkast jafnframt pólitísk áhætta, en hún er skilgreind sem áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins eða skerði eignir hans, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla t.a.m. breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Dæmi um slíkt má nefna breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem heimilt er að hefja töku á hálfum lífeyrir við 65 ára aldur. Sú heimild er þó háð þeim skilyrðum að viðkomandi einstaklingur fái greiðslur á hálfum lífeyri hjá öllum skyldubundnum lífeyrissjóðum hans. Sjóðurinn hefur ekki breytt samþykktum sínum og heimilað hálfan lífeyri þar sem slíkar breytingar hafa áhrif á skuldbindingu sjóðsins.

Starfsemi lífeyrissjóðsins er flokkuð í eftirfarandi áhættumatsþætti: Stjórnunar- og stefnumótunaráhættu, lífeyristryggingaáhættu, fjárhagsáhættu og rekstraráhættu. Hver áhættumatsþáttur er brotinn niður í verkþætti sem reglulega eru áhættumetnir. Til að draga úr rekstraráhættu er unnið eftir verkferlum, vinnureglum og starfslýsingum og eftirlit haft með að þeim sé fylgt, ásamt öðrum reglum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér samskipta- og starfsreglur auk siðareglna. Innri endurskoðandi tekur út innra eftirliti sjóðsins auk þess sem endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsins.

## Kennitölur

	2018	2017	2016	2015	2014
<b>a) Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt</b>					
Með framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	19,8%	20,7%	22,9%	26,7%	29,1%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	-31,2%	-30,2%	-26,9%	-23,0%	-18,7%
Án framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	-32,3%	-31,5%	-28,5%	-24,8%	-21,0%
<b>b) Ávöxtun</b>					
Nafnávöxtun .....	5,8%	6,1%	3,4%	8,4%	5,2%
Hrein raunávöxtun .....	2,4%	4,3%	1,3%	6,3%	4,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	3,7%	4,0%	3,8%	4,2%	3,8%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) .....	3,5%	3,5%	3,9%	4,2%	3,9%
Að teknu tilliti til matsbreytinga vegna upptöku reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða:					
Nafnávöxtun .....	5,8%	6,1%	3,4%	9,3%	
Hrein raunávöxtun .....	2,4%	4,3%	1,3%	7,2%	
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	3,9%	4,2%	4,0%	4,4%	
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) .....	3,6%	3,6%	4,0%	4,3%	
<b>c) Skipting fjárfestinga eftir eignaflokkum</b>					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	10,3%	10,9%	12,5%	10,2%	7,7%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	0,8%	0,7%	0,6%	0,4%	1,5%
Skráð skuldabréf .....	48,2%	45,7%	43,8%	42,1%	38,5%
Óskráð skuldabréf .....	40,7%	42,5%	42,9%	44,9%	51,6%
Bundnar bankainnistöður .....	0,0%	0,1%	0,2%	2,4%	0,6%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>d) Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum</b>					
Fjárfestingar í íslenskum krónum .....	95,9%	96,6%	97,3%	98,4%	99,9%
Fjárfestingar í erlendum myntum .....	4,1%	3,4%	2,7%	1,6%	0,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>e) Fjöldatölur</b>					
Virkir sjóðfélagar, meðaltal árs .....	343	392	446	498	562
Sjóðfélagar í árslok .....	16.397	16.577	16.712	16.855	16.971
Lífeyrisþegar, meðaltal árs .....	3.254	3.151	2.915	2.755	2.713
<b>f) Hlutfallsleg skipting lífeyris</b>					
Ellilífeyrir .....	81,5%	80,3%	79,0%	77,7%	77,2%
Örorkulífeyrir .....	3,8%	4,0%	4,4%	5,8%	5,6%
Makalífeyrir .....	14,6%	15,6%	16,5%	16,4%	17,1%
Barnalífeyrir .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>g) Fjárhæðir á föstu verðlagi</b>					
Iðgjöld alls .....	2.779.654	2.649.263	2.654.747	2.262.044	2.241.038
Lífeyrir alls .....	4.987.665	4.590.651	4.346.815	3.867.457	3.513.339
Hreinar fjárfestingatekjur alls .....	4.560.589	4.670.888	2.605.585	6.458.448	3.531.101
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls .....	200.257	196.063	166.893	161.919	137.324
Hækkun (lækkun) á hreinni eign .....	2.152.320	2.685.293	877.974	5.158.880	2.822.870
<i>Vísitala neysluverðs þann 31.12.2018</i>					
<b>h) Aðrar kennitölur</b>					
Lífeyrisbyrði (lífeyrir/iðgjöld) .....	179,4%	173,3%	163,7%	171,0%	156,8%
Hreinar fjárfestingatekjur sem hlutfall af meðalstöðu eigna .....	5,8%	6,2%	3,5%	9,1%	5,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls					
Hlutfall af iðgjöldum .....	7,2%	7,4%	6,3%	7,2%	6,1%
Hlutfall af meðalstöðu eigna .....	0,3%	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%



